

Fundargerð

28. fundar í Erfðanefnd landbúnaðarins
Keldnaholti, 25. október 2017 kl. 13:00 – 15:00

Mættir: Emma Eypórsdóttir formaður (EE), Charlotta Oddsdóttir (CO), Trausti Baldursson (TB), Leo Alexander Guðmundsson (LAG), Sæmundur Sveinsson (SS), Brynja Hrafnkelsdóttir (BH) og Þorvaldur Kristjánsson (boðaði forföll)
Auk þess sat fundinn Birna Kristín Baldursdóttir (BKB), og ritaði fundargerð.

EE setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Samþykkt dagskrár

Dagskrá var samþykkt án athugasemda.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 27. fundi var samþykkt.

3. Staða mála frá síðasta fundi (BKB/EE)

- Birkið og búshöldin – opnað í tengslum við Hvanneyrarhátíð 8. júlí. Fengin að láni ýmis áhöld, stóla og bekki sem smíðaðir voru úr birki. Sett voru upp veggspjöld með upplýsingum um birki. Húsdýrin voru á sínum stað á hátíðinni. ERL (Eigenda- og ræktendafélag landnámsheimsna) var með sína árlegu hæsnasýningu á hátíðinni.
- Send voru út svarbréf til umsækjanda styrkja
- Rætt var við Helga Jóhannesson garðyrkjuráðunaut hjá RML hann var tilbúin að taka sæti í vinnuhóp hjá Nordgen
- Nefndin sendi bréf til Bændasamtakanna um forystufé 10. Maí 2017. Erindið var tekið fyrir á fundi stjórnar BÍ 6. júní 2018. Fagrað hafði samþykkt tillögu um að íslenska forystuféð væri skilgrein sem sérstakt kyn.

„Stjórnin samþykkti tillöguna og hefur þar með sem ábyrgðaraðili ræktunarstarfs sauðfjár héraendis, skilgreint íslenska forystuféð sem sérstakt kyn. Óskað er eftir því að nefndin leiðbeini um þær alþjóðlegu skráningar sem fara þurfa fram vegna þessa, eða annist þær ef það er hægt. „ (Fundargerð stjórnar BÍ 6. júní 2018)

- Umsögn veitt um innflutning á maurum frá Skotlandi.

Geitur

- Grein um geitur „Uppruni, staða og framtíðarhorfur íslenska geitastofnsins“ komin út á www.skrina.is.
- Samningur gerður um söfnun hafrásæðis milli Nautastöðvar BÍ og Geitfjárræktafélags Íslands.
- Haldin fræðslufundur um framleiðslu og nýtingu geita- og sauðamjólkur á Hvanneyri vel sóttur.
- **Matarauður Íslands** hefur samþykkt að taka að sér að styðja við verkefni fyrir geiturnar. Matís skilgreindi EUROP kjötmat fyrir geiturnar, sláturaðferðir og húðflettingar, heimasíða í smíðum og gerð lógós fyrir geitaafurðir.

- Listaháskólinn er mjög áhugasamur um geitur og eru að vinna verkefni um hvernig er hægt að nýta geitina. BKB var með fyrirlestur um geitur fyrir þau í lok september.
- BKB sótti aðalfund hjá ERFP og EAAP ráðstefnu í Tallin í Eistlandi 25. ágúst – 3. sept.
- Hjá ERFP eru tveir vinnuhópar. *Information and documentation* hópur sem vinnur að uppfærslu á EFABIS (<http://46.47.84.168:16000/>) og CryoWeb gagnagrunnum. Prufa verður tilbún 21. nóv. 2018

Ex situ hópur sem vinnur að samræmingu milli landa um hvernig er best að standa að varðveislu erfðaefnis (sæði og fósturvísun). Aðstæður og löggjöf eru mjög mismunandi á milli landa. Vinna að samræmingu með EUGENA (European Genebank Network for AnGR). Ákveðið var á aðalfundi ERFP að bæta við þriðja vinnuhópnum *in situ*. BKB var boðið að vera í *in situ* vinnuhóp. Það kom fram á aðalfundi ERFP að aukin verkefni kalla á aukið framlag frá aðildarlöndunum.

4. Fréttir af vinnuhópum Nordgen

Ísland á fulltrúa í sex vinnuhópum hjá Nordgen, auk þess einn fulltrúa í stjórn og einn fulltrúa í National Programme fyrir plöntur. Á fundinn kom Guðni Þorvaldsson og kynnti ítarlega starf vinnuhóps um grös. Brynja sagði frá vinnuhópum í skógrækt og að haldir yrðu tveir þemadagar um fræðflur og trjákyrbætur.

Emma og Birna sögðu fréttir af húsdýrahóp. Það eru þrír starfsmenn í húsdýrahóp og eru tvö hætt og búið að auglýsa þær stöður. BKB og EE fóru á fund í húsdýrahóp Nordgen til Finnlands í september. Heimsóttu m.a. Ahlman búnaðarskóla (vocational) sem er *in situ* genbanki fyrir Western Finncattle.

| Fulltrúar Íslands í starfshópum og stjórn Nordgen 2017- | |
|---|---|
| Stjórn Nordgen | Emma Eypórsdóttir LbhÍ Sæmundur Sveinsson, varam. LbhÍ |
| Húsdýr | Birna Kristín Baldursdóttir LbhÍ Emma Eypórsdóttir LbhÍ |
| Skógur | Rakel J. Jónsdóttir Skógræktin Brynjar Skúlason Skógræktin |
| Erfðaauðlindir í skógrækt | Aðalsteinn Sigurgeirsson Skógræktin |
| Grænmeti, kartöflur, ávextir, krydd | Helgi Jóhannesson RML Magnus Göranson LbhÍ |
| Ávextir, ber og skrautjurtir | Samson B. Harðarson LbhÍ Hjörtur Þorbjörnsson Grasagarður |
| Korn | Magnús Göransson LbhÍ |
| Grös | Guðni Þorvaldsson LbhÍ |
| National Programme (plöntur) | Sæmundur Sveinsson LbhÍ |

5. Málþing um laxeldi

Ákveðið var að fresta fyrirhuguðu málþingi um laxeldi, sem halda átti í nóvember, fram í janúar 2018. Haft hefur verið samband við Dr. Kevin Glover, sérfræðing í fiskeldismálum, um að halda fyrirlestur á málþinginu. Rætt var um að fá innlenda styrktaraðila að málþinginu.

6. Önnur mál

Emma sagði frá því að húsnæði Nordgen í Alnarp væri orðið mjög lélegt og fjármagn vantaði til að hægt væri að viðhalda fræsafni. Stjórn Nordgen hefði ekki lengur með fjármál að gera og það væri alfarið undir NRM (Norrænu ráðherranefndinni) hvernig mál myndu þróast.

7. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldin í janúar